



## Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2023/2024

Fundur haldinn að Jaðri 14. desember 2024 kl. 14:00

Framkvæmdarstjóri klúbbsins, Steindór Kristinn Ragnarsson setti fundinn og bauð félagsmenn og aðra velkomna. Steindór tilnefndi fundarstjóra og ritara sem voru samþykktir einróma með lófaklappi. Fundarstjóri var því kosinn Jón Steindór Árnason og fundarritari Skúli Eyjólfsson. Steindór gaf Jóni Steindóri orðið sem þakkaði traustið, hann staðfesti að fundurinn hafi verið boðaður með viku fyrirvara og telst því löglegur skv. lögum klúbbsins.

Dagskrá aðalfundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

### 1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári

Jón Steindór gaf Bjarna formanni GA orðið þar sem Bjarni fór yfir skýrslu stjórnar. Bjarni byrjaði á að minnst látinna félaga. Bjarni þakkaði sjálfboðaliðum GA fyrir þeirra framlag og klappað var fyrir þeim. Bjarni fór yfir aðstöðu og von um enn betra barna og unglिंगastarf við opnun nýrrar inniaðstöðu á Jaðri. Hann fór yfir endurbætur á vellinum sl. sumar og fór því næst yfir fjölgun félaga en mikil fjölgun var á árinu. Þar næst ítrekaði hann að skýrsla stjórnar sé á heimasíðu GA.

### 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

Steindór fór yfir rekstur GA þar sem endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til samþykkis. Rekstrartekjur GA voru 265 milljónir samanborið við 246 milljónir árið áður. Rekstrargjöld fyrir rekstrarárið voru 243 milljónir en 229 milljónir árið áður. Rekstrarhagnaður var 21,5 milljónir samanborið við 17,5 milljónir í fyrra. Hagnaður rekstrarársins eftir fjármagnsliði var 18,7 milljónir en árið áður endaði rekstrarárið í rúmum 12 milljónum kr hagnaði.

### 3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að spyrja um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.

Fyrsta spurning var frá Gestu Gestssyni og spurði hann um hvort að framlag til unglिंगastarfs hefur minnkað á árinu skv. ársreiking ?

Steindór kom upp og fór yfir það að það hefur aukist framlag til unglिंगastarfs, en það færi eftir hvernig það færi fært inn í bókhaldið, þ.e. á hvaða lykllum.

Gestur kom því næst með spurningu um aðkomu GA til Siglufjarðar og hvort við séum að greiða með golfklúbbum á Siglufirði ?

df  
SSE

Steindór svaraði því og sagði að það væri verið að greiða um 2 milljónir með því samstarfi og aðallega vegna þess hve illa hann kom undan vetri og vonast er eftir því að breyting verði á næstkomandi vor.

Þórarinn B Jónsson spurði um kostnaðinn við bygginguna, hvort hún standist kostnaðaráætlun og hve mikið hún mun kosta ?

Jón Steindór og Steindór Kristinn svöruðu því að það liggur ekki 100% fyrir þar sem búnaðurinn er keyptur inn af GA en klúbburinn fær greiðslur af samningnum frá Akureyrarbæ á fimm árum og greiðslurnar eru verðtryggðar. Endanlegur kostnaður fer eftir því hve mikið GA gerir umfram kostnaðinn við bygginguna sjálfa. Það sem GA bætir við er millibyggingin og allt sem GA kaupir inn í húsið.

Valdemar Valsson spurði um hve marga félagsmenn klúbburinn getur verið með, hvar þolmörkin liggja ?

Steindór svaraði því að þegar meðlimafjöldinn verður um 1000 talsins, þá væri klúbburinn kominn að ákveðnum þolmörkum m.v. núverandi aðstöðu.

Spurt var um efnahagsreikning klúbbsins og óskað eftir því að farið verði yfir hann. Steindór kom upp og fór yfir efnahagsreikninginn.

Gestur Gestsson óskaði svo eftir að koma upp í pontu. Hann óskaði meðlimum til hamingju með aðstöðuna. Hann ræddi svo um að hann er ekki sáttur við mótahald klúbbsins og hversu þétt mótahaldið er. Hann sagði að mótahald skilaði 10 milljónum og helmingur allra helga sumarsins færu í mótahald. Hann lagði til að hækka árgjaldið um 8% og sleppa mótum.

Bjarni kom upp og þakkaði ábendinguna. Hann sagði að undir liðnum mótahald væri heildarkostnaður við að halda mót og fyrir að senda lið eða sveitir GA í Íslandsmót golfklúbba. Því væri meiri hagnaður af mótum sem GA heldur en lítur út í ársreikning.

Hann sagði að hann teldi að það væru um fimm dagar á ári sem völlurinn væri alveg lokaður. Hann nefndi möguleikann í skráningu á níu holum sem myndi breyta nýtingu vallarins og við það væru töluvert fleiri tímar í boði en það ræðst af því að Golfbox komi með þann möguleika. Hann sagði að sem íþróttafélag þá bæri okkur skylda að taka þátt í mótahaldi á vegum GSÍ.

Reikninga voru því næst samþykktir samhljóða af fundargestum.

#### 4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.

Kosning stjórnar og varamanna í stjórn. Eftirfarandi aðila voru í framboði en kosið var um alla sem ekki voru að fara á seinna ár.

Aðalstjórn:

Bjarni Þórhallsson – formaður	eitt ár
Jón Steindór Árnason – varaformaður	seinna ár
Skúli Eyjólfsson – ritari	seinna ár
Guðlaug María Óskarsdóttir – gjaldkeri	fyrri ár
Eygló Birgisdóttir – meðstjórnandi	fyrri ár

Varamenn í stjórn:

Finnur Bessi Sigurðsson	eitt ár
Vigfús Ingi Hauksson	eitt ár

Engin mótframboð komu í aðalstjórn né í varamenn í stjórn. Stjórn GA var samþykkt samhljóða.

JA  
SSE

#### 5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein.

Kosið var í nefndir GA sem birtar verða á heimasíðu GA. Uppstillingin var samþykkt.

#### 6. Kosnir tveir endurskoðendur.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir rekstrarárið 2024-2025:

- Sveinn Pálsson
- John Júlíus Caraglia

Tillaga var samþykkt samhljóða.

#### 7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.

Fundarstjóri fór yfir árgjaldatillögu stjórnar GA. Hann birti það sem innifalið er í árgjaldi í GA. Hann fór yfir samanburð á hlutfalli af árgjaldi GA við aðra sambærilega klúbba og árgjöld þessara klúbba frá árinu 2022.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Flokkur	Verð
27 - 66 ára	155.000 kr
67 ára og eldri	126.000 kr
19 – 26 ára	81.500 kr
15 – 18 ára	67.500 kr
11 – 14 ára	50.000 kr
10 ára og yngri	45.000 kr
Nýliðar	155.000 kr*

\*Nýliðagjald fellur niður.

Hjónagjald fellur út líkt og fram kom á síðasta aðalfundi. Farið var yfir það sem innifalið er í árgjaldi og samanburði við aðra klúbba.

Árgjöldin voru samþykkt samhljóða.

#### 8. Lagabreytingar

Engar tillögur komu að lagabreytingum.

#### 9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf Steindóri, framkvæmdarstjóra orðið þar sem hann fór yfir rekstraráætlun fyrir næstkomandi starfsár þar sem gert er ráð fyrir áætluðum tekjum kr. 300.000.000. Gert er ráð fyrir því að rekstrargjöld verði 275.000.000 kr og því er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði 18.100.000 kr. EBITDA upp á 44.000.000 kr.

Því næst var farið í viðurkenningar og voru þær eftirfarandi:

- Veigar Heiðarsson – karlkylfingur GA þar sem hann var íslandsmeistari í högggleik og holukeppni í sínum aldursflokk. Hann sigraði 6 af 7 stigamótum GSÍ.
- Andrea Ásgrímsdóttir – kvennkylfingur GA
- Bryndís Eva – háttvísibikar GA en hún er alltaf til fyrirmyndar innan sem utan vallar.

Á fundinum voru Hulda Bjarnadóttir forseti GSÍ og Ólafur Björn Loftsson afreksstjóri GSÍ, þau sögðu nokkur orð. Hulda byrjaði á að óska GA til hamingju með aðstöðuna og ræddi um öflugt sjálfbóðaliðastarf hjá GA. Hún fór yfir mikilvægi þess að geta tekið á móti GSÍ mótum. Hún ræddi

*Handwritten signature and initials:*  
SSÉ



áskoranir við fjölgunina í golfhreyfingunni og samvinnu Golfsambandsins, golfklúbbana og félagsmanna. Hún lagði áherslu á fjölgun barna og unglunga og kvennagolfsins.

Ólafur Björn Loftsson kom upp og óskaði GA til hamingju með öll afrek GA síðustu ár. Hann sagðist hafa komið hingað fyrst fyrir um 20 árum og óskaði GA til hamingju með þróunina hjá GA á þeim tíma. Bæði hvað völlinn varðar og æfingaðstöðu. Hann sagði að nýja inniaðstaðan myndi gera mikið fyrir klúbbinn þar sem það væri lykilatríði að hafa inniaðstöðu á sama stað og völlurinn/klúbbhúsið er. Hann sagði þetta mikilvægt fyrir stemmningu og félagsanda klúbbsins og gerði mikið fyrir afrekskylfinga.

Hann nefndi það að klúbbarnir þyrftu að leggja áherslu á barnastarfið hjá sér eða aldursflokkinn 14 ára og yngri. Hann óskaði öllum til hamingju og þakkaði fyrir sig.

Steindór kom svo aftur upp og þakkaði GSÍ fólki fyrir falleg orð í garð GA. Hann fór yfir bygginguna í myndum og tali. Hann sagði að í framhaldi af aðalfundinum yrði nýja æfingahúsnæðið formlega vígt þar sem fyrrum formaður GA og heiðursmeðlimur GA Halldór Rafnsson og forseti GSÍ, Hulda Bjarnadóttir, klippa á borðann.

Benedikt Guðmundsson kom upp og óskaði stjórn og starfsmönnum til hamingju með árangurinn á árinu. Hann fór yfir rástíma og bókanir á 9 holum. Lagði mikla áherslu að stjórn og starfsmenn beiti sér í því að koma því í framkvæmd.

Því næst benti hann á að beina keyrslu golfbíla frá flötum með merkingum og t.d. á þar 3 holum. Hann lagði til að klúbbmeðlimir fái sínar brautir í „fóstur“ eins og gert var fyrir einhverjum árum síðan sem gengur út á það að ákveðnir meðlimir hjálpi sérstaklega til að halda sinni braut vel við.

Toni Mellado stóð upp og ræddi að um möguleikann á að byrja sláttur fyrr svo starfsfólk væri ekki „fyrir“ kyfingum. Hann nefndi að það þyrfti að færa teiga oftast og vildi setja reglu um að færa teiga á hverjum degi um einn meter fram og til baka til þess að teigurinn fái tíma til að jafna sig.

Fundarstjóri kom aftur upp og þakkaði fyrir góðar ábendingar, því næst bauð hann nýkjörinn formann velkominn upp að slíta fundinum.

Bjarni þakkaði einnig fyrir ábendinga félagsmanna, þakkaði traustið og hann þakkaði GSÍ fólkinu Huldu og Ólafi fyrir komuna norður.

Bjarni þakkaði fundargestum fyrir komuna og bauð fundargestum að færa sig inn í milli bygginguna til að vígja nýju glæsilegu inniaðstöðuna, þar með sleit hann fundinum.

Ólafur Loftsson  
Steindór Rafnsson